

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	7.480	pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	8.945	pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	10.660	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	2.820	pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 30. nóvember 2017, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr 1027/2016.

Hvammstanga, 30. nóvember 2017.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2017